

Dalaping 13.

Samráðsfundur nr. 2 13. febrúar 2020 kl. 17:00 Digraanesvegur 1.

Mættir:

Birgir Hlynur Sigurðsson (umhverfissvið), Smári Smáráson (umhverfissvið), Berglind Ósk Kjartansdóttir (umhverfissvið), Úlfar Helgason (Dalapingi 11), Marteinn Músson og Margrét Ásgeirsdóttir (Dalapingi 21), Unnur Arna Jónsdóttir og Gunnar Halldórsson (Dalapingi 19), Sigurbjörg Gunnarsdóttir og Aðalsteinn Scheving (Dalapingi 17), Sigurbjörn Þorbergsson (Dalapingi 8) og Tómas Jóhannesson (Dalapingi 24).

Ritari: Berglind Ósk

Birgir Hlynur kynnti ferilinn og fór í stuttu máli yfir þróun málsins.

Smári fór yfir tillöguna sem kynnt var í ágúst 2019 og síðan þær breytingar sem gerðar hafa verið á kynntri tillögu.

Minnispunktur frá fundinum:

- Spurt hvort Kópavogsbær geti fest lögbundið að innra skipulag fyrirhugaðra húsa skuli haldast eins og breytingartillagan sýnir? Fram kom að það væri líklega hægt.
- Fram komu áhyggjur af því að verktaki breyti innra skipulagi eftir eigin geðþótta án þess að taka tillit til nærliggjandi byggðar.
- Af hverju er verið að þetta byggð á þessum eina reit? Farið yfir þéttingarsvæði m.a. í Vatnsenda. Fram kom að þetta er ekki eina lóðin í efri byggðum sem verið er að þetta.
- Bent á að bæjaryfirvöld hafi synjað ósk um þéttingu við Gulaping vegna þrýstings frá grenndinni (ekki kom fram hvar við Gulaping). Af hverju var hlustað á þá grennd en ekki þau.
- Fundargestir benda á að þeim þykir óeðlilegt að þetta samtal fari bara fram milli bæjarstarfsmanna og hagsmunaraðila. Af hverju er enginn á vegum Dalapings 13 á fundinum?
- Fram kom að besta lausnin væri að Kópavogsbær tæki hluta lóðarinnar nr. 13 undir grænt svæði.
- Spurt var hvern hagsmuna þjónar þessi þétting og að mönnum finnst að Kópavogsbær sé að vinna með verktakanum en á móti hagsmunaraðilum í grenndinni. Ósátt við að bærinn vinni að hagsmunum lóðarinnar nr. 13 en taki ekki tillit til þeirra sem búa í götunni. Hafa áhyggjur af hvað breytingin hefur í för með sér.
- Fram koma að bæjarstarfsmenn eru oft í því hlutverki að reyna að miðla málum milli hagsmunaaðila. Samráðsfundurinn er boðaður til þess að ræða og fara yfir málið.
- Spurt var af hverju sé ekki hægt að fylgja gildandi deiliskipulagi? Fundargestir sammála um að óbreytt deiliskipulag sé eini kosturinn sem allir geta sæst á.
- Fram kom að lóðarhafi Dalapings 13 ætli sér að koma eins miklu byggingarmagni og hann kemst upp með inn á lóðina til að græða sem mest.
- Spurt var hvort athugasemdir Marteins Mússonar varðandi að ekki hafi verið farið að lögum í ferli málsins hafi verið teknar til greina? Hefur skipulagsráð fengið að sjá allar athugasemdir sem bárust, líka athugasemdir Marteins? Staðfest að skipulagsráð hafi fengið að sjá allar innsendar athugasemdir.
- Fram kom að fundargestir hefðu áhyggjur af rýrnun fasteignaverðs. Telja augljóst að erfiðara verði að selja fasteignir við götuna ef samþykkt verða þrjú hús með fjórum íbúðum inn á lóðina nr. 13. Þetta verði ekki lengur *sveit í borg* og það sé forsendubrestur að þeirra mati.

- Einn fundargesta benti á að hann hafi lagt í mikinn kostnað við lóðina hjá sér nýverið og það sé ólíklegt að af því hefði orðið ef þau hefðu vitað að þessi breyting væri í farvatninu.
- Bent á að þau sem íbúar bæjarins borgi laun bærarstarfsmanna og því væri eðlilegt að bærarstarfsmenn hlusti á íbúana en ekki verktaka með gróðasjónarmið.
- Spurt hvort hægt sé að minnka breytinguna niður í tvö hús í stað þriggja? Skárri en að hafa fjórar íbúðir á lóðinni þó besta tillagan væri að halda þessu óbreyttu.
- Í lokin var farið yfir framhald málsins. Staðan yrði kynnt í skipulagsráði og farið yfir málið með lóðarhafa Dalþings 13.

Fundi lokið kl. 18:15

Tölvupóstföng fundarmanna:

uhelgason@hotmail.com

marteinn@rettsyn.is

ua@internet.is

margas@landspitali.is

sibbagunn@hotmail.com

sigurbjorn@tcm.is

straumleidir@gmail.com